

Fundur í skóla og fræðslunefnd haldinn 15. september 2016 kl.13:00 í Laugargerðisskóla

Mættir eru: Kristín Björk Guðmundsdóttir, Katrín Gísladóttir, Halldór Sigurkarlsson, Sigurður Jónsson, Hulda Þórðardóttir og Áslaug Guðbrandsdóttir. Hrefna Birkisdóttir boðaði forföll. Formaður setur fund og býður fundarmenn velkomna og ritar fundargerð að þessu sinni.

- **Fyrri fundargerðir undirritaðar.**

Skólastjóri fer yfir sjálfsmatsskýrslu og segir frá fyrirhuguðu ytra mati. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu skólans undir "skjöl". Sett hefur verið inn á skóladagatal "þema" eða ákveðin áhersluatriði fyrir hvern mánuð. Fram kom í foreldrakönnun vilji til að færa árshátíð af laugardegi yfir á föstudagskvöld og var það samþykkt.

- **Samvinna við Grunnskóla Borgarness**

Í haust var farið af stað með tilraunaverkefni sem er samstarf við skólann í Borgarnesi 1 dag í viku fyrir 9. og 10. bekk. Sigurður Jónsson kennir þar á í 8. 9. og 10. bekk þann daginn en börnin fara í kennslustundir í stórum bekkjum og fá fjölbreyttara val og kynnst því að vera í stórum skóla. Ólafur Sigvaldason sér um aksturinn, akstur úr Borgarnesi er í samstarfi við Borgarbyggð. Þetta verkefni er tilraun, en enn sem komið er gengur mjög vel.

- **Breytingar á stöðum kennara**

Börnum hefur fækkað og hafa stöðugildi kennara dregist saman um u.þ.b. 1 stöðugildi samanlagt en hjá þremur kennurum. Þannig tekst að viðhalda nokkuð góðum fjölbreytileika í reynslu og þekkingu þrátt fyrir smæð skólans. Einn nýr starfsmaður bættist við í haust en það er stuðningsfulltrúi sem kostaður er af Reykjavíkurborg vegna fósturbarns.

- **Rekstrarniðurstöður reiknaðar út eftir stærð skóla.**

Farið var yfir samantekt þar sem rekstur skóla er reiknaður eftir stærð.

- **Önnur mál**

Ábendingar til sveitarstjórnar: Athuga þyrfti aðgengi fatlaðra t.d. þröskulda og handrið.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið